



Rennslismælingar á vatnasviði Hvítár í Borgarfirði í mars 2005

Hinn 1. mars 2005 var rennsli Hvítár og Norðlingafljóts mælt öðru sinni sem liður í verkefni sem hefur það að markmiði að kanna hvaðan vatnið í Hvítá er upprunnið. Í nóvember 2004 var rennsli Hvítár, Norðlingafljóts og Geitár mælt á átta stöðum, en í þetta skiptið voru mælingar á rennsli þrjár, í Hvítá skammt fyrir ofan Barnafoss, í Hvítá á milli brúar í Húsafelli og ármóta Geitár og í Norðlingafljóti við Gullteig. Mynd 1 sýnir rennslismælistaðina:




Mynd 1: Rennslismælingar á vatnasviði Hvítár í mars 2005.

Veðurfar var fremur milt miðað við árstíma dagana áður en rennslismælingarnar voru gerðar, þótt reyndar hafi mælst nokkur úrkoma á Stafholtsey hinn 26. febrúar. Ekki var um algjört lágrennsli að ræða, þar sem rennsli daginn sem mælingar fóru fram var tiltölulega stöðugt á bilinu $87 - 89 \text{ m}^3/\text{s}$ við vatnshæðarmælinn við Kláfoss. Rennsli Hvítár þar fer nokkuð oft niður í um $70 \text{ m}^3/\text{s}$, það gerðist t.d. vorið og sumarið 2002, vorið og sumarið 2001 og sumarið og haustið 2000 í nokkra daga í senn. Vorið 1999 var rennsli við Kljáfoss talsvert undir $70 \text{ m}^3/\text{s}$ meira eða minna samfellt í nálægt fjóra mánuði. Árin 2003 og 2004 virðast hafa verið nokkuð vatnsmeiri í þessu tilliti, en rennsli Hvítár á yfirstandandi vetri hefur þó tvisvar farið niður í um $70 \text{ m}^3/\text{s}$. Það gerðist bæði í desember og í janúar í nokkrar klukkustundir í hvort skipti, líklega í kjölfar ísmyndunar í farvegum árinna. Meðalrennsli dagana 20. til 23. janúar var um $75 \text{ m}^3/\text{s}$, en talsvert kalt var á landinu þessa daga. Þrátt fyrir að rennslismælingarnar nú hafi ekki verið gerðar við lágrennslisaðstæður nýttast þær við mat á skiptingu grunnrennslis í upptakavíslar Hvítár. Niðurstöður rennslismælinganna er að finna í töflu 1.



Mynd 2: *Veðurfar meðan á rennismælingum stóð.*



Mynd 3: *Rennsli Hvítár við vhm 66 við Kljáfoss.*

	Staðar númer	dagsetning klukka		staðsetning	breidd	lengd	rennsli m ³ /s	rennsli við vhm 66 m ³ /s	hlutfall
nóv.04	V1302	15.11.2004	11:52	Hvítá ofan Kalmanstungu	N64°43,859'	V20°45,300'	7,67	89	9%
	V1303	16.11.2004	11:25	Hvítá ofan brúar í Húsafelli	N64°42,889'	V20°49,242'	11,5	90	13%
	V1304	16.11.2004	14:50	Hvítá ofan Barnafoss	N64°41,838'	V20°56,553'	49,6	90	55%
	V1305	17.11.2004	10:00	Norðlingafljót við Núpdælavað	N64°49,155'	V20°40,630'	7,95	77	10%
	V1306	17.11.2004	13:15	Norðlingafljót við Fugleyrar	N64°48,081'	V20°41,250'	6,15	77	8%
	V1307	17.11.2004	17:00	Norðlingafljót við brú neðan Gullteigs	N64°44,347'	V20°49,803'	6,07	77	8%
	V1308	15.11.2004	15:15	Geitá ofan Lambár	N64°40,654'	V20°43,363'	1,59	89	2%
V1309	16.11.2004	09:10	Geitá ofan Hvítár	N64°42,746'	V20°48,581'	2,47	85	3%	
mar.05	V1303	1.3.2005	16:22	Hvítá ofan brúar í Húsafelli	N64°42,889'	V20°49,242'	12,2	88	14%
	V1304	1.3.2005	13:39	Hvítá ofan Barnafoss	N64°41,838'	V20°56,553'	52,6	88	60%
	V1307	1.3.2005	18:18	Norðlingafljót við brú neðan Gullteigs	N64°44,347'	V20°49,803'	9,42	88	11%

Tafla 1: Niðurstöður rennslismælinganna.

Skv. mælingunum í nóvember 2004 skiptist rennsli þannig að Norðlingafljót lagði til um 9% af rennsli Hvítár við Kljáfoss en Hvítá og Geitá samanlagðar um 13%. Á milli þessara mælistaða og mælistaðarins ofan Barnafoss bættust rúmlega 30 m³/s við rennsli Hvítár, og skamkvæmt mælingunum er um 55% af rennsli Hvítár við Kljáfoss upprunnið ofan mælistaðarins við Barnafoss. Niðurstöður mælinganna nú staðfesta þessa skiptingu, hlutur Norðlingafljóts reyndist um 11% en hlutur Hvítár í Húsafelli um 14% af heildarrennsli Hvítár við Kljáfoss. Um 60% af rennsli Hvítár við Kljáfoss er tilkomið ofan Barnafoss, og af því er meira en helmingur vatn sem hefur bæst í ána neðan mælistaðanna í Húsafelli og við Gullteig.

Reykjavík, 29. mars 2005

Gunnar Orri Gröndal.

LYKILORÐ

Hvítá í Borgarfirði, Norðlingafljót, Geitá, Borgarfjörður, rennslismæling, samtímamæling, grunnrennsli, vhm 66.